

Umhverfissráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. apríl 2012
2012040002/42-0
TB
jgo/tb

Nýtingarleyfi á grunnvatni fyrir vatnsveitu í Norðfirði

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar um nýtingarleyfi fyrir grunnvatni fyrir vatnsveitu í Norðfirði.

Í gögnum málsins kemur fram að verið er að sækja um nýtingarleyfi fyrir vatnsveitu sem hefur verið starfrækt í mörg ár. Í náttúruminjaskrá er svæði 609, Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastadir, Neskaupsstað en um það segir: (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæk (Maríulæk) inn að Fanndalsá og til fjallseggja. (2) Kjarri vaxnar hliðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lifrikum smátjörnum. Gott land til útivistar. Almennt má segja að svæði á náttúruminjaskrá geti vel farið saman með vatnsveitu þar sem að vatnsveita þarfnast verndarsvæðis, sem í þessu tilfelli er í jaðri svæðis nr. 609, og ekki skynsamlegt að ofnýta vatnið. Svæði 609 er merkt inn á skipulag sem svæði til sérstakra nota og sem svæði á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að skoða svæðið á vettvangi en telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að vatnsveitan fái leyfi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

